

6. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varðar sektum sem brot gegn barnaverndarlögum. Skál fara með mál vegna þeirra brota eins og segir um slík mál í barnaverndarlögum.

167

3. ágúst

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Þetta birtist hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 3. ágúst 1943.*

**Einar Arnórsson.**

*Gústav A. Jónasson.*

## AUGLÝSING

168

4. ágúst

um breyting á hafnarreglugerð fyrir Suðureyrarkauptún, nr. 165  
9. september 1939.

Í stað orðanna í 1. gr. reglugerðarinnar „bein lína úr Suðureyrartúnodda, yfir fjörðinn í Langodda“ komi: Bein lína úr steini á Steinsengi í Kvíannesshlið yfir fjörðinn í Ytri-Áreið milli Selárdals og Gilsbrekku.

Reglugerðarbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 23 13. janúar 1938, til þess að öðlast þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 4. ágúst 1943.*

**Vilhjálmur Þór.**

*Vigfús Einarsson.*

## REGLUGERÐ

169

13. ágúst

um breyting á reglugerð nr. 59 30. maí 1921, um hafnargjöld í Reykjavík.

Gjöld samkvæmt reglugerð frá 30. maí 1921, um hafnargjöld í Reykjavík, skulu frá 15. ágúst 1943 innheimtast með 50% viðauka.

Reglugerðarbreyting þessi staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 13. ágúst 1943.*

**Vilhjálmur Þór.**

*Vigfús Einarsson.*